

**1. fundur Skipulagsnefnd haldinn Strandgötu 38, fimmtudaginn 7. júlí 2022  
og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Lilja Magnúsdóttir (LM), Kristinn Hilmar Marinósson (KHM), Ingibjörg Jóna Nóadóttir (IJN), Óskar Örn Gunnarsson (ÓÖG) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

**Fundargerð ritaði:** Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri

Fyrsti fundur nýrrar Skipulagsnefndar á nýju kjörtímabili.

Formaður bauð fundarfólk velkomið og athugaði hvort athugasemdir væru við fundarboðun, svo var ekki og formaður lýsti því 1. fund lögmætan.

Óskar Örn Gunnarsson tók þátt í fundinum í gegnum fjarfundarbúnað.

**Dagskrá:**

**1. Varaformaður Skipulagsnefndar - 2207032**

Kjör varaformanns Skipulagsnefndar.

*Samþykkt samhljóða að Ingibjörg Jóna Nóadóttir verði varaformaður Skipulagsnefndar.*

**2. Erindisbréf nefnda 2022-2026 - 2206069**

Tillaga að erindisbréfi Skipulagsnefndar. Mál frá 593. fundi sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 23.06.2022.

*Umfjöllun og afgreiðslu erindisbréfs nefndarinnar er frestað til næsta fundar hennar.*

**3. Starfsáætlun Skipulagsnefndar - 2207033**

Starfsáætlun Skipulagsnefndar til vors 2023.

*Samþykkt samhljóða að fundir nefndarinnar verði að jafnaði haldnir einu sinni í mánuði, þriðja þriðjudag mánaðarins kl. 16:00. Næsti fundur nefndarinnar fer fram þriðjudaginn 16. ágúst.*

**4. Strandsvæðisskipulag - 2103057**

Erindi frá sveitarstjóra dags. 28.06.2022 þar sem tilkynnt er um ákvörðun sveitarstjórnar að senda Strandsvæðisskipulag Vestfjarða til umfjöllunar í Skipulagsnefnd.

*Samþykkt samhljóða að fresta umfjöllun til næsta fundar nefndarinnar.*

**5. Norður Botn - Breyting á aðalskipulagi - 1902411**

Tekið fyrir að nýju aðalskipulagsbreyting við Norður-Botn, greinargerð, umhverfismatsskýrsla og uppráttur dags. 05.07.2022 unnin af Verkís ásamt upprætti dags. 20.11.2020 unnin af Landmótun. Breytingin varðar landnotkun svæða í landi Norður-Botns þ.e. iðnaðarsvæði I3 og I11, efnistökusvæði E3 og E6 ásamt þjóðvegi nr. 63, Bildudalsvegur. Markmið aðalskipulagsbreytingarinnar er að: Auka framleiðslugetu

fiskeldisstöðvarinnar í Norður-Botni og skýra hvar framleiðsla skuli staðsett. Samhliða breytingu aðalskipulagsins er unnin tillaga að breytingu deiliskipulags seiðaeldisstöðvar í landi Norður-Botns. Fyrirhugað er að stækka seiðaeldisstöðina og er stækkunin tilkynningarskyld til ákvörðunar Skipulagsstofnunar um matskyldu skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og fellur því aðalskipulagsbreytingin undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

*Skipulagsnefnd samþykkir samhljóða fyrirliggjandi tillögu og greinargerð í samræmi við 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og leggur til við sveitarstjórn að skipulagsfulltrúa verði falið að auglýsa tillöguna skv. 31. gr. sömu laga.*

*Skipulagsfulltrúa er falið að senda Skipulagsstofnun skipulagstillöguna til yfirferðar í samræmi við 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga, áður en tillagan verður auglýst.*

#### **6. Breyting á deiliskipulagi - Norður botn - 1902432**

Tekið fyrir að nýju deiliskipulagsbreyting í Norður-Botni dags. 05.07.2022 unnið af Verkís ásamt tveimur skipulagsuppráttum dags. 05.07.2022. Skipulagssvæðið er stækkað til norðurs út fyrir stórstraumsfjöru. Byggingarmagn á byggingarreit I, Norður-Botn fer úr 8.000 m<sup>2</sup> í 40.000 m<sup>2</sup>, hámarks ársframleiðsla fer úr 200 tonnum í 2200 tonn. Byggingarmagn á byggingarreit II, Keldeyri fer úr 8.000 m<sup>2</sup> í 5.000 m<sup>2</sup>, ársframleiðsla er óbreytt 200 tonn.

*Skipulagsnefnd leggur samhljóða til við sveitarstjórn að heimila að skipulagstillagan verði auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samhliða breytingu á aðalskipulagi um sama mál.*

*Bent er á að samkvæmt deiliskipulagi getur verið stutt á milli staða nærri þjóðvegi þar sem rokgjörn efni eru geymd sem getur haft aukna eldhættu í för með sér.*

#### **7. Deiliskipulag, stofnana- og íþróttasvæði - 2110138**

Farið yfir stöðu mála við vinnu við deiliskipulagsins.

*Lagt fram og rætt.*

#### **8. Deiliskipulag í Hrafnadal - 2105001**

Farið yfir stöðu mála við vinnu við deiliskipulagsins.

*Lagt fram og rætt.*

#### **9. Breyting á deiliskipulagi Tálknafjarðarhafnar - 2009255**

Tekin fyrir að nýju tillaga að breytingu á deiliskipulagi Tálknafjarðarhafnar frá Landmótun dags. 05.07.2022.

*Skipulagsnefnd leggur samhljóða til við sveitarstjórn að heimila að skipulagstillagan verði auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um jákvæða niðurstöðu frá Vegagerðinni varðandi veltengingu að hafnarsvæðinu.*

#### **10. Aðalskipulag Endurskoðun 2019-2031 - 1809041**

Farið yfir stöðu mála við vinnu við endurskoðun aðalskipulags Tálknafjarðarhrepps.

*Vísad til umfjöllunar á næsta fundi Skipulagsnefndar.*

1. fundur  
24.08.2022

**11. Umsagnarbeiðni vegna eldisstöðvar í Tálknafirði framleiðsluaukning - 2112063**

Erindi frá Skipulagsstofnun dags. 22.06.2022 þar sem tilkynnt er um þá niðurstöðu stofnunarinnar að framleiðsluaukning í eldisstöð Arctic Fish í Norður Botni, Tálknafirði, skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Kærufrestur vegna ákvörðunarinnar er til 25.07.2022. Vísað til kynningar í skipulagsnefnd á 594. fundi sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 30.06.2022.

*Lagt fram.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:48.**

---

Lilja Magnúsdóttir (LM)

---

Kristinn Hilmar Marinósson (KHM)

---

Ingibjörg Jóna Nóadóttir (IJN)

---

Óskar Örn Gunnarsson (ÓÖG)

---

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)